



## **Stefna um námsmat í Öldutúnsskóla**

Kennarar í hverjum árgangi vinna áætlun um námsmat í hverri grein út frá stefnu skólans um námsmat.

### **Inngangur**

Námsmatsstefna Öldutúnsskóla byggir á leiðarljósi skólans: Virðing, vellíðan virkni. Þessi gildi eiga að móta leiðir sem eru farnar í námsmati skólans og hafa kennarar unnið að endurskoðun námsmats á skólaárunum 2006 til 2008.

Megintilgangur námsmatsins er að örva nemendur, aðstoða þá við námið, kenna þeim að meta eigin frammistöðu og mæla sig við þau markmið sem sett eru. Námsmat þarf að vera leiðbeinandi, uppörvandi og uppbyggjandi.

Til þess að slíkt verði kleift þarf að gera nemendum góða grein fyrir þeim markmiðum sem stefnt er að, ekki bara námsmarkmiðum heldur öðrum markmiðum sem varða t.d. framkomu og samskipti. Gera þarf nemendum grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim og hafa skýr viðmið um það t.d. með gátlistum. Það þarf að kenna þeim og aðstoða við að fylgjast með því hvernig þeim gengur að standast þær væntingar og þjálf þau að setja sér eigin persónuleg markmið og meta raunsætt hvernig gengur að ná þeim. Þannig byggjum við upp einstaklinga sem geta borið ábyrgð á eigin námi og framgöngu almennt í starfi sínu og kunna að mæla eigin árangur.

### **Meginmarkmið námsmatsins**

- Að vera leiðbeinandi, uppörvandi og uppbyggjandi.
- Að vera hvatning fyrir nemanda og kennara til að bæta námið og kennsluna.
- Að örva fjölbreytni í námi og kennslu.
- Að nemendur setji sér markmið og meti hvernig þeim gengur að ná þeim.
- Að veita foreldrum og nemendum upplýsingar um stöðu nemandans.
- Að auka ábyrgð og vitund nemenda um markmið námsins, þeir fái þjálfun í að setja sér persónuleg markmið og meta raunsætt hvernig gengur að ná þeim.

### **I Vitnisburður**

A) Einkunnarorð og tölur sem eru útskýrðar í matskafla bekkjanámskráa.

B) Umsagnir sem kennarar skrá frá eigin brjósti og/eða eru staðlaðar setningar sem ákvarðaðar hafa verið og skráðar í Mentor og er hægt að kalla fram með skammstöfun.

### **II Hvað er metið? Hvernig er matið birt?**

**Eingöngu tölueinkunnir**

Mætingar: 7. – 10. bekkur.

**Einkunnir og umsagnir**

### Þekkingar- og leiknisvið

Kunnátta, skilningur, greining, beiting, mat, skapandi tjáning, færni, framfarir.

### **Almennar umsagnir**

#### a) Námsvenjur og vinnubrögð

Ábyrgð á námi, skipulag, námsgögn tiltæk, frágangur og umgengni um þau.

#### b) Hegðun og ástundun

Áhugi, sjálfstæði í starfi, virkn, virðing fyrir viðfangsefnum, jákvæð framganga, jákvæð hugsun.

#### c) Framkoma og virðing

Samvinna, félagsleg færni, framkoma, virðing, sjálfsstjórn, tillitssemi, umhyggja, jákvæð samskipti.

### **III Leiðir**

- Skýrt skipulag og skilgreiningar, s.s. hvað átt er við með símati, hversu oft er metið, hvenær á skólaárinu og hvernig matinu er komið til skila til nemenda og foreldra.
- Nemendum kennt að setja sér markmið og meta hvernig þeim gengur að ná þeim.
- Nemendum kennd námstækni og skipulögð vinnubrögð.
- Gera námsmatsáætlun fyrir hverja námsgrein og tilgreina í námskrá árgangsins.
- Velja þarf matsaðferðir sem hentar þeim námsmarkmiðum sem verið er að meta.
- Nemendum gerð skýr grein fyrir þeim markmiðum sem stefnt er að og höfð skýr viðmið m.a. með gátlistum. Nemendur þurfa að skilja vel til hvers er ætlast af þeim og þeir geti sett þau í orð: „Ég get fallbeygt nafnorð.“ Þetta varðar ekki einungis námsmarkmið, heldur önnur markmið sem varða viðhorfa og tilfinningasvið.
- Útskýra fyrir nemendum í upphafi hvernig staðið verður að einkunna- og umsagnagjöf. Hafa útskýringarnar skriflegar í kennslustofunni.
- Nemendur læri með fjölbreytilegum námsmatsaðferðum s.s. með sjálfsmati og jafningjamati að gefa og þiggja og styrkja hvert annað.
- Próf séu af fjölbreytilegum toga og þannig byggð upp, að þau séu námshvetjandi og nemendur læri af því að þreyta þau.
- Þegar sameinuð eru % stig þátta þarf að vera ljóst frá upphafi hvert vægi hvers þáttar er. (Þ.e. hvort allir vegi jafnt eða ekki).
- Einkunnir og umsagnir séu þannig að þær gefi glögga mynd af stöðu og framförum nemenda.
- Nota niðurstöður sem loka- og heildarmat til að upplýsa nemendur og utanaðkomandi aðila um árangur nemenda á ákveðnum tíma.
- Námsárangur skal metinn sérstaklega og ekki blanda viðhorfa- og hegðunarpáttum við það mat. (Sbr. kafli II hér á undan).
- Sérstakt mat er lagt á þætti sem flokkast undir viðhorfa- og tilfinningasvið og umsagnir gefnar sem byggja á markmiðum sem nemendum eru vel

kunn. Hér getur verið um að ræða bæði persónuleg markmið og þau sem skólinn hefur.

- Skriflegar einkunnir og umsagnir gefnar út á sérstöku formi við lok vorannar. Nemendur fá frammistöðumat við lok haustannar.

#### **IV Námsmatsmöppur**

Í möppuna er safnað því námsmati sem fram fer samkvæmt skipulagi viðkomandi kennara, s.s. prófum, verkefnum, sýnishornum af vinnu nemenda, skýrslum og matsblöðum. Söfnun þessara gagna á einn stað stuðlar að stöðugu og alhliða námsmati og reglulegu eftirliti með vinnu nemenda. Mappan er árangursríkt verkfæri til að hafa góða yfirsýn yfir nám og framfarir nemenda. Með því að senda möppuna reglulega heim eru foreldrar og nemandi meðvitaðri um stöðuna og íhlutun dregst því síður ef hennar er þörf. Enn fremur er notkun á námsmatsmöppum góð leið til að uppfylla skyldur okkar skv. grunnskólalögum um gegnsæi í námsmati.

#### **Leiðir**

- Hver nemandi fær sérstaka möppu að hausti. Hvíta þykka fjögurra gata með glæru plasti utan á til að hann geti haft persónulegan blæ á möppunni sinni.
- Kennarar gera lista yfir þau matsblöð, próf og verkefni sem verða sett í möppuna fyrir ákveðin tímabil.
- Hvert tímabil er ákveðið í upphafi skólaárs.
- Listinn verður á titilsíðu möppunnar sem er geymd í heimstofu kennara/nemenda.
- Öllum þeim gögnum sem er á listanum er safnað í möppuna jafnóðum.
- Stefnt skal að því að nemendur sjá sjálfir um að setja viðeigandi gögn í möppuna.
- Mappan er send heim reglulega t.d. mánaðarlega, samkvæmt skipulagi sem kennarar ákveða ákveða í upphafi skólaárs og tilgreina í námsmati hverrar greinar.
- Foreldrar kvitta fyrir skoðun, skrifa nokkur jákvæð orð um hvað þeim finnst á þar til gert blað og koma möppunni aftur í skólann með barninu. Foreldrar komi öðrum athugasemdum sínum á framfæri við kennara í viðtali, símleiðis eða með tölvupósti.

#### **V Birtingarform**

Vitnisburður er gefinn í janúar og við lok skólaársins.

##### **1. Einkunnir gefnar í orðum – allir aldurshópar**

Mjög gott (85 til 100% námsmarkmiða náð)

Gott (70 til 84% námsmarkmiða náð)

Nokkuð gott (50 til 69% námsmarkmiða náð)

Þarfnast frekari þjálfunar (10% til 49% námsmarkmiða náð)

##### **2. Einkunnir gefnar í tölum - frá 4. bekk**

Gefið í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 1-10

### **3. Einkunnir í lestri – allir aldurshópar**

<b>Lestur</b>	Fjöldi lesinna atkvæða á mínútu. Raddlestur og/eða hljóðlestur.
<b>Lesskilningur</b>	Tölueinkunn og umsögn.

### **4. Einkunnir í ritbjálfun/fingrasetningu – hjá þeim sem læra fingrasetningu.**

- a) orð á mínútu
- b) blindskrift – já/nei

### **5. Umsagnir fylgi öllum einkunnum.**

### **6. Almennar umsagnir fylgi öllum nemendum.**